



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á hátíðarsamkomu**  
**í opinberri heimsókn til Strandasýslu**  
**Hólmavík**  
**11. júlí 2000**

Heiðruðu Strandamenn  
Ágætu samkomugestir

Það hefur svo sannarlega verið ánægjulegt að fara í dag um ykkar stórbrotnu sýslu, hlýða á frásagnir um forna tíð og kynnst þeim góðu verkum sem hér er nú unnið að.

Þið varðveitið margbrotna sögu í umgjörð tignarlegrar og sérstæðrar náttúru; hvort tveggja hefur löngum skapað Strandasýslu sérstöðu í hugum Íslendinga.

Hér ræður dulúðin ríkjum og margvísir karlar og fjölkunnugar konur hafa orðið efniviður í sagnir og sögur sem lengi munu lifa. Þjóðin hefur löngum trúað því að Strandamenn væru til alls líklegir og vænlegast að sýna mildi og hógværð í návist þeirra.

Það var því snjöll hugmynd að setja hér á svið sýningu á galdrakunst fyrri tíðar, sýningu sem sameinar brellur nútímataækni, listfengi og staðgóða fræðapekkingu. Það var skemmtilegt að njóta leiðsagnar Jóns Þjóðfræðings Jónssonar og annarra heimamanna inn í þessa gömlu veröld þar sem allt gat gerst ef seiðkrafturinn var réttur ættar.

Galdrasýning Strandamanna og margvísleg verkefni önnur sem gleðja þá ferðamenn sem hingað koma eru góður vitnisburður um hvað hægt er að gera úr margvíslegum arfi fyrri tíðar góðum gestum til gleði og fróðleiks, sýnishorn vinnubragða sem við þurfum að beita í æ ríkara mæli í ferðaþjónustu nýrrar aldar, þeirrar atvinnugreinar sem er í hvað mestum

vexti um veröld víða og gæti skotið enn frekari stoðum undir fjölskrúðugt mannlíf á þessum slóðum.

Rétt er að rifja það upp hér í kjölfar hinnar miklu Kristnihátíðar að slíkt var galdrafárið eitt sinn á Ströndum að sagt er að prestum hafi verið um megn að messa í kirkjum og ógnarhræðslan svo mikil að oft varð að bera konur út í miðri messu, jafnvel allt að 12 í einu. Og snörp er hún sagan af Halli vinnumanni á Skriðinsenni við Bitrufjörð sem felldi hug til systur húsfreyjunnar en varð að lúta hryggbrotnu, samdi þá við galdramann að hefna þess rækilega með því að vekja upp sjórekið lík og senda húsfreyjuni í líki flugu sem suðandi flaug um eldhús hennar, settist loks á grautardiskinn og húsfreyjan renndi flugunni umsvifalaust niður í óðagoti og varð það þá strax hennar bani. Þannig sýna sögurnar að betra er að hryggbrjóta ekki ástfangna vinnumenn á Ströndum.

Skemmtileg er lýsingin í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar sem skrásett var á síðari hluta 18. aldar á samræðum þeirra við galdramanninn sem þeir hittu á ferð sinni um Strandir:

„Við dvöldumst í Reykjafirði hinn 29. ágúst og lágum í mílufjórðungs fjarlægð frá höfninni. Þann dag var svo mikið stórviðri, að fastur klettur á ströndinni skammt frá verzlunarhúsunum, sem landfestar frá skipi voru festar í, gekk úr skorðum og færðist til. Menn þar í nágrenninu sögðu, að þetta væri galdraveður, og var bónda einum þar í grennd um það kennt og hann talinn rammgöldróttur. Maður þessi kom á fund okkar og leit út fyrir að vera skynsamur maður og ráðvundur. Við töluðum við hann um galdra og ýmis náttúrufyrirbrigði. Hann ræddi hiklaust um þessi efni og svaraði spurningum okkar af hreinskilni, stillilega og skynsamlega. Hann þekkti sérstaklega margar steintegundir og plötur, sem eru þar í grennd. Við gátum ekki orðið annarra galdra varir hjá honum en góðra gáfna, og nágrannar hans viðurkenndu einnig, að hann hefði aldrei unnið þeim nokkurn hlut til meins.“

Í þessari merku ferðabók og þjóðlífsskuggsjá er einnig að finna fróðlega frásögn um hvernig hafísinn á öldum áður bar hinn tigna vágast ísbjörninn að ströndum landsins:

„Það er merkilegt að meðan ísinn verður ekki landfastur, en rekur fram og aftur úti fyrir ströndunum, er veðráttu mjög óstöðug. Óregla kemur einnig á strauma, flóð og fjöru. En jafnskjótt og ísinn er landfastur eða stendur á grunni og rekísinn er farinn, þá kemst regla á þessar hreyfingar aftur. Veðráttu verður stöðug, hægviðri og þokuloft, en nístingskuldi. Þannig fylgja alls konar erfiðleikar hafísnum. Oft koma birnir með ísnum. Hafa þeir lent út á hann þar, sem þeir hafa verið að

veiða seli við Grænland, en borizt síðan með honum til Íslands. Þeir drepa skepnur, einkum sauðfé, og safnast landsbúar saman vopnaðir byssum og spjótum til að drepa þá. Aldrei haldast birnir við sumarlangt á Íslandi, heldur fara þeir brott aftur um leið og ísinn, landsbúum til mikillar gleði. Margar sagnir ganga um viturleik bjarndýranna. Þannig er það fullyrt, að ef þau hafa ekki gætt þess, er ísinn rekur frá landi, þá gangi þau upp á hæstu fjöll, og ef þaðan sér til íssins, leggi þau til sunds á eftir honum.“ Svo mörg voru þau orð

Þó ísbirnir verði seint hluti af ferðamannþjónustu á Ströndum er hér sannarlega mikil saga og fróðleikur sem býðst þeim fjölda sem nú er á faraldsfæti um veröld víða og leitar nýrrar reynslu í tómsundum og margir þeirra eru orðnir langþreyttir á ys stórborga og þys, því keimlíka framboði á dægradvöl og dagskrárefni sem fæst nú nánast um heiminn allan.

Hið sérstaka, hið frábrugðna, það sem í reynd er sannur efniviður í nýja reynslu er óðum að verða dýrmætast á þessu sviði; svipmikil náttúra, kyrrðin sem aðeins er rofin af söng fuglanna, einfalt líf til sjávar og sveita þar sem mannfólkið býr að afurðum sjálfrar náttúrunnar og aldirnar hafa spunið langa sögu og margþætta – þetta eru þeir gildu þræðir sem vænlegastir eru sem uppistaða í þeirri þjónustu við gesti okkar víða að úr veröldinni sem margir telja að verði drýgsta tekjulind þjóðarinnar í framtíðinni.

Í þessum efnum eru Strandir – já, reyndar Vestfjarðarkjálkinn allur og Húnaflóinn, hin mikla auðlind sem kannski er að nokkru leyti enn varðveitt sem leyndarmál, bíður þess tíma að ganga fram með kröftugum hætti líkt og forfeður okkar og mæður gerðu hér um aldir.

Mér hefur því þótt mikið til þess koma að fá í dag fróðleik um áform ykkar og verk í þessum efnum. Ekki aðeins í leiknum með magnaða gjörninga galdramanna á fyrri tíð, heldur ekki síður í Riis húsi og á Borðeyri þar sem Thor Jensen byrjaði sem búðarþjónn sinn mikla athafnaferil og er af honum kominn mikill ættbogi sem umsvifamikill varð í útgerð og stjórnámálum fyrir á öldinni, gerir sig reyndar enn gildan á mörgum sviðum, meðal annars hjá okkur í forsetaembættinu því Thor kempan Jensen var langafi hans Örnólfs Thorssonar sem hér er með mér í dag og annaðist fyrir okkar hönd undirbúning að heimsókninni. Og gaman var að koma að Óspakseyri og vera á ferð um firðina hvern á fætur öðrum þar sem rismikil fjöllin mynda stórbrotna umgjörð um mannlíf og sögu.

Arfur ykkar Strandamanna, auðlegðin sem náttúran og sagnirnar skapa hér um slóðir, eru að mörgu leyti svo sérstakur að hann veitir sýslunni sterka stöðu þegar í vaxandi mæli verður á nýrri öld leitað að þeirri reynslu sem gefur lífinu gildi.

Hvar annars staðar er rekaviðurinn jafn stórbrotin vísbending um jötunafl hafstraumanna, áminning um að tignarleg tré frá fjarlægum löndum geta hér á fjörðunum orðið efniviður í húsakost, fjalagólf og aðra vinnslu, jafnvel listaverk hjá hagleiksmönnum útskurðar og höggmynda?

Hvar annars staðar eru jafn ríkulegar söguslóðir um hákarlaveiðar fyrri tíma, vitnisburður frá Finnbogastöðum, Kúvík, Gjögri og Skreflum um hetjudáðir á hákarlaveiðum, tákn karlmennsku og hreysti svo að varla verður öðrum veiðum við þær jafnað?

Hvar annars staðar hefur ísbjörninn verið jafn tíður gestur, ógnvekjandi og fallegur í senn, sönnun þess að hafísinn getur á hörðum vetrum tengt Ísland og Grænland böndum sem bjarndýrið neytir til að sækja okkur heim, jafnvel sjö saman á einum vetri í Trékyllisvík?

Galdrarnir, hákarlinn, hafísinn, ísbirnir og risavaxin rekatrén – allt skapar þetta Strandasýslu hamraða mynd í hugum Íslendinga og mikil er aðdáunin á því góða fólki sem hér hefur búið og býr. Það er jafnvel svo að þegar Strandamenn berast í tal kemur jafnan sérstakur lotningartónn í rödd þess sem ræðuna flytur.

Þótt oft sé um þessar mundir rætt um vanda byggðanna vítt og breitt um landið allt og mörgum finnist eðlilegt að á brattann sé að sækja þá er mikilvægt að missa ekki sjónar á þeim verðmætum sem felast í heimabyggðum, einkum þeim sem strjálbýlar eru og fjarri umbrotum höfuðborgar.

Það Ísland sem okkur er kært er land fjölbreytileikans, þar sem sveitirnar, firðirnir og sagnaríkar sjávarbyggðir eru áningarstaðir í leit samtíma að sjálfsvitund og menningarrótum, því sem best kann að duga í sviptingunum sem með vaxandi þunga fylgja í kjölfar umbyltingar á öllum sviðum.

Það hefur verið mér drjúgt veganesti á lífsgöngunni að hafa alist upp í fámennu vestfirsku sjávarþorpi þar sem allir þekktu alla og samlíðanin með mannfólki öllu var sterk, þar sem takturinn í aflabrogðum og árstíðum sveitalífsins var hljómfallið tæra frá degi til dags og við krakkarnir ætíð í slíkri návist við hina eldri að samfylgd kynslóðanna varð órofin heild.

Þótt ég hafi víða farið og glímt við margt í ævistarfi þá hafa litla sjávarþorpið og sveitin ætíð fylgt mér vel og dyggilega, haldið áfram að móta mig og minna á þær rætur sem best halda þegar harðast blæs. Og ég kynntist því vel fyrr í dag í samræðum við krakkana hér í Strandasýslu að héraðið er enn að búa þau með kjarngott nesti. Ásamt fræðslu og námi í góðum skólum sem ég heimsótti í dag heldur mannlífið í sýslunni áfram að veita æskufólkinu rótfestu og lífssýn sem vel mun duga á langri leið.

Það er því áriðandi að við höldum vel til haga þeim höfuðkostum sem áfram búa í hinum dreifðu byggðum og skiljum til hlítar framlag þeirra til þess fjölskrúðuga þjóðlífs sem Íslendingar þurfa á að halda á nýrri öld.

Þótt vissulega séu jarðgöng og hafnir, brúargerð og nýir vegir nytsamar framkvæmdir í byggðamálum – og svo sannarlega hef ég séð það hér í dag að víðar þarf að bæta vegi enn á Barðaströnd – þá megum við ekki gleyma þeim sannindum að gæði mannlífsins eru og verða sá kjarni sem best mun byggðunum duga.

Sem betur fer bendir margt til þess að tíðarandinn sé í vaxandi mæli á þann veg að meta að verðleikum samvistir sem fást til sveita og í sjávarbyggð, að vilja öðlast á ný jafnvægið sem næst í samfélagi með góðu fólki þar sem hin mikla sínfónía sköpunarverksins, náttúran sjálf, flytur nýja tóna á hverjum degi.

Strandasýsla er í þessum efnum auðug byggð og hugur ykkar og bjartsýni hafa orðið mér í dag mikið gleðiefni. Þið eruð verðugir merkisberar þess þróttmikla fólks sem hér bjó um aldir og gerði Strandasýslu að töfrabyggð í hugum Íslendinga.

Ég óska ykkur allra heilla og þakka ykkur fyrir frábærar móttökur, vináttu og hlýhug sem ég hef hvarvetna fundið.